

Fundargerð 852. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 1. september kl. 08:45 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Egilsstöðum.

Fundinn sátu: Áslaug María Friðriksdóttir í fjarveru Halldórs Halldórssonar, Dýrunn Pála Skaftadóttir í fjarveru Eiríks Björns Björgvinssonar, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson í símasambandi, Jónína Erna Arnardóttir í símasambandi, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir.

Ísólfur Gylfi Pálmason og Gunnar Einarsson boðuðu forföll og varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason í símasambandi, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 851. fundar - 1610002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 851. fundar frá 30. júní 2017.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 108. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 14. ágúst 2017.

3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 38. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 23. ágúst 2017.

Stjórnin ræddi 1. lið og kom fram sú afstaða að mikilvægt sé að ákvörðun um veitingu sérstaks húsnæðisstuðnings sé ávallt byggð á mati á félagslegum aðstæðum umsækjenda.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lögð fram fundargerð 41. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 15. júní 2017.

5. Stýrihópur og dómnefnd Græna lykilsins á Íslandi - 1708006SA

Lagt fram minnisblað Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 11. ágúst 2017, um hugsanlega tilnefningu fulltrúa sambandsins í stýrihóp og dómnefnd vegna Græna lykilsins, ásamt bréfi Landverndar, dags. 4. ágúst 2017.

Stjórn sambandsins telur ekki tilefni til að sambandið taki þátt í þessu verkefni og vísar til minnisblaðsins sem framkvæmdastjóri tók saman.

6. Nýliðunarvandi í kennarastétt - 1609007SA

Lagðar fram tillögur og greinargerð samsráðshóps Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og kennaradeildar og skólaþróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjölfar sameiginlegs vinnufundar um nýliðunarvanda í kennarastétt 2. febrúar 2017, dags. 19. júní 2017, ásamt minnisblaði Þórðar Kristjánssonar, sérfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 30. ágúst 2017, um könnun á mönnun í grunnskólakennarastöður.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að fundað verði með ráðherrum mennta- og menningarmála, fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála til þess að kynna og ræða þessar sameiginlegu tillögur Menntavísindasviðs HÍ, Háskólans á Akureyri og sambandsins og möguleika á samstarfi um framkvæmd þeirra.

7. Staða kjaramála - 1605090SA

Rætt almennt um stöðu kjaramála.

8. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga - 1511181SA

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs fór yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar sem haldin verður 5.-6. október 2017 á Hilton Reykjavík Nordica. Lagði hann og stjórnin, áherslu á að kynjahlutfall verði sem jafnast á ráðstefnunni.

9. Endurskipun eins fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. ágúst 2017, um endurskipun eins fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins.

Samþykkt skipa Nökkva Má Jónsson, sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkurbæjar, í félagsþjónustunefnd sambandsins í stað Sverris Óskarssonar, bæjarfulltrúa í Kópavogi sem óskaði lausnar frá setu í nefndinni.

10. Staða sauðfjárbænda - 1708033SA

Umræða um vanda sauðfjárbænda.

Framkvæmdastjóri ræddi þann mikla vanda sem við blasir í sauðfjárrækt og mikilvægi þess að ríkið komi að lausn vandans sem allra fyrst. Sveitarstjórnir þar sem mikil sauðfjárrækt er stunduð hafa ályktað vegna þessa og kallað eftir viðbrögðum svo forðast megi þær slæmu afleiðingar fyrir byggðir landsins sem verða ef ekkert er að gert. Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu sem hann hefur komið að sem fulltrúi í stjórn Byggðastofnunar við mótun tillagna vegna þessa. Ástandið er grafalvarlegt og við því þarf að bregðast og tóku stjórnarmenn undir það og samþykktu að beina því til ráðherra landbúnaðarmála og fjármála- og efnahagsráðherra að bregðast við þessu ástandi á áhrifaríkan hátt bæði í bráð og lengd svo ekki komi til byggðaröskunar sem veiki búsetuskilyrði víða í byggðum landsins.

11. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 1706033SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 28. júní 2017, þar sem Halldór Halldórsson, formaður stjórnar sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 22. ágúst 2017, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins er einnig tilnefnd í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, þar sem ráðuneytið óskaði eftir að sambandið tilnefndi bæði karl og konu til setu í stjórninni.

12. Tilnefning í verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna - 1706017SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 29. júní 2017, þar sem Helga Guðrún Jónasdóttir, samskiptastjóri sambandsins, er tilnefnd í verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna.

13. Tilnefning í faghóp um starfsgetumat - 1706029SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 29. júní 2017, þar sem Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í faghóp um starfsgetumat.

14. Tilnefning í stjórn vinnustaðanámssjóðs - 1610024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. ágúst 2017, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í vinnustaðanámssjóð, í stað Sólveigar B. Gunnarsdóttur, sem látið hefur af störfum hjá sambandinu.

15. Tilnefning í starfshóp um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundastarfs í Reykjavík - 1707004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 11. ágúst 2017, þar sem Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundastarfs í Reykjavík.

16. Endurtilnefning í starfshóp um yfirferð laga um gatnagerðargjald - 1703050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2017, þar sem Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, lögmaður á skrifstofu borgarlögmanns, er tilnefnd í starfshóp um yfirferð laga um gatnagerðargjald í stað Kristbjargar Stephensen, sem er að láta af störfum sem borgarlögmaður.

17. Umsögn um frumvarp til umferðarlaga - 1706008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 28. júní 2017, um endurskoðun umferðarlaga.

18. Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu - 1705023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. júní 2017, um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál.

19. Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt - 1705022SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. júlí 2017, um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál.

20. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðskrá Íslands - 1707010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. júlí 2017, um frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands.

21. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um pósthjónustu - 1707011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. júlí 2017, um frumvarp um pósthjónustu.

22. Umsögn um drög að reglugerðum um fjármál sveitarfélaga - 1707025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 21. júlí 2017, um tvær reglugerðir um fjármál sveitarfélaga (fyrirframgreiðsla lífeyrisskuldbindinga).

23. Umsögn um drög að breyting á reglugerð um öryggis- og verndarbúnað í ökutækjum - 1708025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 24. ágúst 2017, um breytingu á reglugerð um öryggis- og verndarbúnað í ökutækjum.

24. Umsögn um framtíðarfyrirkomulag stjórnsýslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar - 1602013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 24. ágúst 2017, um framtíðarfyrirkomulag stjórnsýslu á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.

25. Brunavarnaáætlanir sveitarfélaga - 1706001SA

Lögð fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 29. júní 2017, um brunavarnaáætlanir sveitarfélaga.

26. Athugasemdir vegna eyðublaðs um áform um lagasetningu - 1707028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 10. ágúst 2017, um athugasemdir vegna eyðublaðs um áform um lagasetningu.

27. **Kostnaðarpátttaka sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu sambandsins - 1708017SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, dags. 18. ágúst 2017, um kostnaðarpátttöku sveitarfélaga vegna kjaramálavinnu sambandsins.
Framkvæmdastjóri vakti athygli á málinu og greindi frá því að aðeins jákvæð viðbrögð hefðu borist við því.
28. **Upplýsingaöflun um lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila - 1611038SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til viðkomandi sveitarfélaga, dags. 21. ágúst 2017, um fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga.
29. **Skýrsla um stefnumótun í fiskeldi - 1708023SA**
Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, dags. 21. ágúst 2017, ásamt viðaukum.
30. **Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs - 1601016SA**
Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 2. tbl.2017, um ársreikninga sveitarfélaga 2016.
31. **Framfærsla fanga í afplánun í íslenskum fangelsum - 1707023SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Afstöðu til ábyrgðar, dags. 24. ágúst 2017, um lífeyris- og framfærslugreiðslur til afplánunarfanga í íslenskum fangelsum.
32. **Förgun sláturúrgangs - 1512004SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 30. júní 2017, um förgun sláturúrgangs.

Fundi var slitið kl. 10:35

Áslaug María Friðriksdóttir

Dýrunn Pála Skaftadóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Gunnar Axel Axelsson

framkvæmdastjóri

ritari